

Fundargerð 10. fundar

Föstudaginn 13. ágúst 2020 var haldinn 10. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Arndís Harðardóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Bjarki V. Guðnason, varamaður
- Björk Grétarsdóttir
- Einar Freyr Elínarson
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson (mætti kl. 16:05)
- Þorbjörg Gísladóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Christiane L. Bahner, Egill Sigurðsson, Eva Björk Harðardóttir og Páll Tómasson boðuðu forföll. Bjarki V. Guðnason mætti fyrir Evu Björk.

Auk kjörinn fulltrúa sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 15:35

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 9. fundar frá 15. maí 2020 var samþykkt athugasemdalaust.

2. Verkefnisáætlun Sveitarfélagsins Suðurlands

Róbert fór yfir stöðu verkefnisins og tímaáætlun sem endurskoðuð var á 9. fundi verkefnishópsins. Óvissa er enn um áhrif Covid-19 faraldursins og sóttvarnaaðgerða á verkefnið.

Jón Hrói fór yfir stöðu á öflun gagna um fjármál, stjórnsýslu og samstarfsverkefni. Póstur verður sendur á hvert sveitarfélag um það sem vantar.

3. Starfshópar

Valtýr mætti til fundar kl. 16:05.

Farið yfir stöðu á starfshópavinnu. Starfshópur um samgöngur, umhverfis- og skipulagsmál hefur hist á einum fundi en aðrir hafa ekki hist. Ákveðið að halda endurræsingarfundi með starfshópum og ráðgjöfum í komandi viku. Hóparnir ákveða sjálfir hvaða fundarform þeir velja.

Ákveðið að starfshópar skili af sér minnisblöðum fyrir 21. september.

Sandra og Lilja koma nýjar inn í hópinn um stjórnsýslu og fjármál.

Sveitarstjórar fá lista yfir þátttakendur til yfirlstrar og tilkynna verkefnisstjórum um aðrar breytingar á skipan fulltrúa.

4. Næstu fundir verkefnishóps

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði fjarfundur þann 11. september nk. kl. 9. og að næsti staðarfundur nefndarinnar verði 25. september kl. 10 á Hellu.

Formaður sleit fundi kl. 16:15.